

Nd.

678. Nefndarálit

[195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu fer ríkisstjórnin fram á mjög víðtækar heimildir sér til handa til samninga við erlendan auðhring um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Auðhringur sá, sem hér er um að ræða, er Johns-Manville Corporation, New York. Hann mun vera stærsti framleiðandi og söluaðili að kísilgúr í heiminum og hefur m. a. í sínum höndum 65% af sölu á öllum kísilgúr í Vestur-Evrópu.

Samkvæmt frv. er ráðgert, að ríkisstjórnin fái heimild til að semja við þennan eða annan erlendan aðila um þáttöku í framleiðslufélagi, sem eigi og reki kísilgúrverksmiðjuna. Hinn erlendi aðili á að eiga minnst 39% hlutafjárins, en gæti eins vel eignast 49%, ef þátttaka sveitarfélaganna á Norðurlandi yrði lítil í félaginu. Þá er ráðgert, að hinn erlendi aðili eigi einn sölufélagið, sem á að hafa einkarétt til sölu á allri framleiðslu verksmiðjunnar.

Samkvæmt upplýsingum, sem gefnar hafa verið, er talið, að verksmiðjan muni kosta 145—150 milljónir króna, án tolla og aðflutningsgjalda. Hlutaféð er áætlað 60 millj. króna.

Í frv. er ráðgert, að bæði félögin, framleiðslufélagið og sölufélagið, greiði skatta samkvæmt sérstökum samningum, en verði ekki skattlögð eins og önnur fyrirtæki í landinu. Samið yrði um óbreytanlega skatta í 20 ár, sem yrði samningstíminn við hinn erlenda aðila.

Ég tel óeðlilegt, að ríkisstjórninni séu veittar slíkar óákveðnar og víðtækar heimildir til samninga við erlenda aðila sem ráðgert er í frumvarpinu.

Ég tel, að alla slíka samningagerð eigi að leggja fyrir Alþingi, svo að ekki fari á milli mála, um hvað er samið og hver vilji Alþingis er.

Í gildandi lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn eru nægjanleg ákvæði til framkvæmda í málinu að mínum dómi og ekki ástæða til breytinga, fyrr en formleg samningsdrög liggja fyrir um, að annað sé nauðsynlegt en rúmast innan þeirra laga.

Ég legg því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1966.

Lúðvík Jósefsson.